RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir
Kt. 1702804319
Dags. 10.6.2026 11:37:36
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jónas Rafn Tómasson
Kt. 0412735699
Dags. 10.6.2026 11:38:23
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Halldór Jóhannsson
Kt. 0408724189
Dags. 11.6.2026 10:21:47
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Heimir Örn Árnason
Kt. 0505795069
Dags. 11.6.2026 10:57:54
Ástæða: Undirritun

**Greið leið ehf.**

*Skipagata 9, 600 Akureyri. Sími: 464-5410*

# FUNDARGERÐ

Hinn 9. júní 2026, klukkan 11:30, var haldinn hluthafafundur einkahlutafélagsins Greið leið ehf., kt. 420403-2670, Strandgötu 31, 600 Akureyri (hér eftir „félagið“).

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. **Niðurstöður efnahags- og rekstrarreiknings kynntar sem og álitsgerð endurskoðanda.**
2. **Kosning skilanefndar.**
3. **Önnur mál.**

Eftirtalin skjöl lágu fyrir:
- Dagskrá og endanlegar tillögur.
- Ársreikningur 2025.
- Álitsgerð endurskoðanda, dags. 9. júní 2026.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og lagði til að hún tæki sjálf að sér fundarstjórn. Var tillagan samþykkt samhljóða. Í framhaldinu tilnefndi fundarstjóri sjálfa sig sem fundarritara, og sú tillaga jafnframt samþykkt samhljóða.

Fundurinn var boðaður með tölvupósti til allra hluthafa með nægum fyrirvara samkvæmt samþykktum félagsins og mættir voru hluthafar eða umboðsmenn þeirra fyrir hlutafé að nafnverði 326.105.300 kr. – eða 85,91% hlutafjár. Mætt voru Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Þórir Hákonarson, Steingrímur Hannesson, Þórunn Harðardóttir, Heimir Árnason, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Jóhannsson og Þröstur Friðfinnsson.

1. **liður dagskrár – niðurstöður efnahags- og rekstrarreiknings kynntar sem og álitsgerð endurskoðanda.**

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2025 var lagður fram. Í reikningnum kemur fram að eigið fé félagsins hafi þann 31. desember 2025 verið kr. 21.632.352. Einnig var lögð fram álitsgerð endurskoðanda þess efnis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum.

2. **liður dagskrár – kosning skilanefndar.**

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að kjósa Jónas Rafn Tómasson, kt. 041273-5699, Blikahöfða 18, 270 Mosfellsbæ, lögmann hjá KPMG Law ehf., og Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur, kt. 170280-4319, Tungusíðu 23, 603 Akureyri, í skilanefnd félagsins.

Framkomin tillaga var samþykkt.

3. **liður dagskrár – önnur mál.**

Fundurinn ákvað að skilanefnd félagsins muni í samræmi við 3. mgr. 86. gr. ehfl. tilkynna hlutafélagaskrá um slit félagsins, kosningu skilanefndar og óska löggildingar til skilanefndarstarfa.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 11:38.

*Undirritunarsíða fylgir.*

# *Greið leið ehf.*

*Skipagata 9, 600 Akureyri. Sími: 464-5410*

*[Undirritunarsíða – Fundargerð hluthafafundar Greiðrar leiðar ehf., kt. 420403-2670]*

Akureyri, 9. júní 2026.

***Þannig staðfest af stjórn félagsins:***

______________________________

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir
Stjórnarformaður og fundarstjóri
og fundaritari

______________________________

Halldór Jóhannsson
Meðstjórnandi

______________________________

Heimir Örn Árnason
Meðstjórnandi

***Staðfesting skilanefndarmanna:***

______________________________

Jónas Rafn Tómasson
Lögmaður

______________________________

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir